

Fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar, haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn, miðvikudaginn 5.des 2012 kl. 16:00

Mætt: Siggeir Stefánsson formaður, Kristinn Lárusson, Stefán Benjamínson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, María Guðmundsdóttir, Bylgja Sigurbjörnsdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Siggeir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Skýrsla Grunnskólans á Þórshöfn (GP)

Ingveldur kynnti breytingar á skóladagatali m.v. að fella út tvöfalda daga, lengja jólafrí og færa til starfsdaga.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- 2. janúar verður jólaleyfi en ekki starfsdagur
- Starfsdagur sem áður var á laugardegi færast á virka dag.
- Páskafrí barna lengt um einn dag með starfsdegi
- Skólaslit færast því fram til 4.júní

Borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Þá fór Ingveldur yfir heimsóknir og stærstu daga liðinnar annar. Hún hrósaði foreldrafélaginu fyrir öflugt starf. Hún fór yfir helstu verkefni sem snúa að kennslu og skólalahaldi haustsins og það sem liggur fyrir á næstunni.

Umbótaáætlun GP var rædd, hvað hefur náðst og hvað skal gera næst. Ákveðið að hefja vinnu við nýja áætlun miðað við það sem lokið er.

Skólalahald næsta árs rætt m.t.t. mannahalds

2.Trúnaðarmál, fært í trúnaðarbók

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:15